FRAMHALDSSKÓLINN
Í AUSTUR-SKAFTAFELLSSÝSLU

Áfangalýsing FAS

Titill	Inngangur að framhaldsskóla
Námsgrein:	Inngangur að framhaldskóla
Viðfangsefni:	Vorönn
Skammstöfun:	INGF1VÖ01
Þrep:	1
Einingafjöldi:	1
Lýsing:	Áfanginn er ætlaður nýnemum sem eru að stíga sín fyrstu skref í framhaldsskóla. Áhersla er lögð á að nemendur aðlagist nýju skólastigi og skólaumhverfi og átti sig á þjónustu, úrræðum og námskröfum skólans. Markmið áfangans er að vekja nemendur til vitundar um eigin markmið og framtíðaráætlanir og að þeir beri sjálfir ábyrgð á námi sínu og framtíðaráætlunum. Þetta er seinni áfanginn af tveim.
Forkröfur:	Engar
Þekkingarviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • eigin styrkleikum og gildismati • tengslum sjálfsþekkingar við náms- og starfsval • árangursríkum vinnubrögðum, gagnsemi tímaskipulags og markmiðssetningar • eigin áhugasviði og væntingum til náms. • helstu hugtökum sem tengjast sjálfsmynd og þekkingu og skilningi á eigin persónu • helstu þáttum sem snerta réttindi og skyldum á vinnumarkaði
Leikniviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • nýta styrkleika sína í námi • gera námsferilsáætlun, velji áfangi og haldi utan um eigið nám. • skoða námsframboð og námsleiðir og tengja áhugasvið við náms- og starfsval • nýta árangursrík vinnubrögð • skoða námsframboð og námsleiðir og tengja áhugasvið við náms- og starfsval • rýna í eigin sjálfsmynd og meta eigin stöðu • útbúa kynningarbréf og starfsferilsskrá
Hæfniviðmið:	Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • vera meðvitaður um styrkleika sína • greina og meta sjálfan sig á raunhæfan hátt og setja sér markmið með tilliti til áhugasviðs, styrkleika og veikleika

	• fylgja námsferilsáætlun sinni og velji nám í samræmi við framtíðaráætlun og áhugasvið • vera ábyrgur og sjálfstæður nemandi í framhaldsskóla
Námsmat	Námsmat er útfært í kennsluáætlun í samræmi við skólanámskrá.